


**Fiskstofnar Ósár og Syðridalsvatns.  
Rannsóknir 2008**

**Halla Kjartansdóttir  
Sigurður Már Einarsson**

**Veiðimálastofnun VMST/09010**

**Skýrslan er unnin fyrir Veiðifélag Bolungarvíkur**

**Janúar 2009**



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**

**Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf**

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	i
Samantekt .....	ii
1. Inngangur .....	1
2. Umhverfi .....	1
3. Aðferðir .....	2
3.1. Rafveiðar .....	2
3.2. Netaveiðar .....	2
3.3. Sýnataka og úrvinnsla gagna .....	2
4. Niðurstöður .....	3
4.1. Rafveiði .....	3
4.2. Netaveiðar .....	3
4.2.1. Bleikja og urriði .....	3
4.2.2. Lax .....	4
5. Umræður .....	4
6. Heimildaskrá .....	7
7. Töflur og myndir .....	8
8. Viðauki .....	12

## Samantekt

Í athugun sem gerð var haustið 2008 fyrir Veiðifélag Bolungarvíkur á vatnasvæði Ósár við Bolungarvík, kom fram að flestar tegundir íslenskra ferskvatnsfiska finnast þar en bleikja er ríkjandi. Veitt var í net Syðridalsvatni, sem er grunnt og frjósamt vatn á vatnasvæðinu, og veiddust þar 95 bleikjur. Þær voru á bilinu 11-45 sm langar og á þriðja til sjötta aldursári. Í netin komu jafnframt sex laxar (þar af einn stórlax) og einn urriði. Þegar rafveitt var í Ósá sem rennur úr Syðridalsvatni og í lækjum sem renna í vatnið fengust aðallega bleikjuseiði og hornsíli en einnig nokkur laxaseiði og einn áll. Bleikjuseiði voru á fyrsta til fimmta aldursári en laxaseiði á fyrsta og öðru aldursári. Bleikjustofninn á vatnasvæðinu virðist nokkuð sterkur og næg fæða fyrir hann. Það veiddist t.a.m. meira af bleikju í þessari athugun en í rannsókn sem gerð var 1985 en ólíkur árstími rannsókna gæti valdið skekkju þar á. Á svæðinu er ekki mikið um kjörskilyrði fyrir laxahrygningu og seiðauppeldi sem kemur hugsanlega í veg fyrir að laxinn geti nýtt sér ágætis uppeldisskilyrði sem fyrir eru í Ósá og Syðridalsvatni. Þar væri hægt að bæta úr með tiltölulega einföldum aðgerðum.

## 1. Inngangur

Syðridalsvatn og Ósá við Bolungarvík er fiskauðugt vatnasvæði þar sem allar tegundir íslenskra ferskvatnsfiska er að finna (Sigurður Már Einarsson 1985). Bleikja, bæði staðbundin og sjógengin, er ríkjandi tegund sem hrygnir bæði í straumvötnum á svæðinu og í Syðridalsvatni. Lax er til staðar, þó í litlum mæli. Það verður einnig vart við urriða og ál. Hornsíli eru til staðar í miklu magni, einkum í Syðridalsvatni. veiðinýting fer einkum fram með stangaveiði í Ósá og Syðridalsvatni, en einnig er takmörkuð netaveiði leyfð í Syðridalsvatni.

Undanfarin ár hefur veiði verið fremur dræm í Syðridalsvatni og hafa heimamenn talið fiskistofna í vatninu vera að dvína. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir athugunum sem gerðar voru af Veiðimálastofnun á fiskistofnum á vatnasvæði Ósár í Bolungarvík dagana 4.-5. september 2008. Fyrir rúmum tveim áratugum voru gerðar rannsóknir á ástandi fiskistofna og fiskræktarmöguleikum á svæðinu (Sigurður Guðjónsson 1984; Sigurður Már Einarsson 1985; Sigurður Már Einarsson 1986). Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir athugunum sem gerðar voru af Veiðimálastofnun á fiskistofnum á vatnasvæði Ósár í Bolungarvík dagana 4.-5. september 2008. Helstu markmið þeirra var að kanna breytingar á útbreiðslu og magni fiska á vatnasvæðinu ásamt því að meta ástand fiskistofna.

## 2. Umhverfi

Vatnasvið Ósár er 35 km<sup>2</sup> (Sigurjón Rist 1969). Áin á upptök sín í Syðridalsvatni þaðan sem hún rennur um 2 km leið áður en hún fellur út í sjó um 1,5 km austan við Bolungarvík (1. mynd). Áin er um 10-12 m breið og er botn hennar á efstu 3-400 m blanda af fíngerðum malarbotni og smágrýti. Sjávarfalla gætir um 1,6 km upp eftir ánni og er botninn á því svæði að mestu úr leir (Sigurður Már Einarsson 1985).

Syðridalsvatn er um 1 km<sup>2</sup> að stærð. Það liggur í 3 m hæð yfir sjávarmáli og er um 1,7 km að lengd og allt að 0,7 km breitt (Sigurður Guðjónsson 1984). Bakkar Syðridalsvatns eru lágir og yfirleitt vel grónir. Vatnið er fremur grunnt en dýpi er víðast um 0,5-1 og botn þess mestu leir- eða leðjukenndur (Sigurður Már Einarsson 1985). Við austurbakkann samanstendur strandlengjan aðallega af malar- og smágrýtissvæðum sem ná um 3-5 m út í vatnið en nálægt upptökum Ósár má finna sandfjöru (Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2006).

Í Syðridalsvatn falla ár og lækir sem eiga upptök í 6-700 m háum fjöllum í kringum vatnið. Þær helstu eru Gilsá, Tröllá og Selá. Árnar eru aðeins fiskgengar

skamma leið enda eru þær brattar, kaldar og efnasnaðar (Sigurður Már Einarsson 1985).

### **3. Aðferðir**

#### **3.1. Rafveiðar**

Rafveitt var í Ósá á tveimur stöðum nokkru neðar við upptök árinna úr Syðridalsvatni þann 4. september (tafla 1; 1. mynd). Degi síðar voru tekin sýni með sömu aðferð í Miðdalslæk neðan við bæinn Hanhól og fyrir ofan brú í Tröllá (tafla 1).

Við rafveiðar er notuð rafstöð, spennubox, jarðskaut (katóða) sem tengt er úr spennuboxi í vatnið og stafur (anóða) sem tengdur er í spennubox og gefur frá sér rafstraum. Með rafveiðum fæst hugmynd um tegundasamsetningu, stærð árganga, vöxt og þéttleika seiða. Sýnt hefur verið fram á að marktækt samband er á milli heildarfjölda laxaseiða og þess fjölda sem veiðist í einni yfirferð (Friðþjófur Árnason, Þórólfur Antonsson og Sigurður Már Einarsson, 2005). Við það að lenda í rafstraumnum lamast fiskarnir tímabundið, þá eru þeir veiddir með háfi og þeim safnað í fötu með vatni. Samarín er sett út í vatnið til þess að svæfa fiskana og eru þá allir fiskar lengdar- og þyngdarmældir. Nokkrir eru teknir til frekari greiningar.

#### **3.2. Netaveiðar**

Að kvöldi þess 4. september 2008 voru lagðar netaseríur á þremur mismunandi stöðum sunnan til í vatninu beint út frá ströndinni. Daginn eftir var netanna vitjað og var fiskur í hverju neti greindur til tegunda og talinn. Við netaveiðarnar voru notuð 11 lagnet úr girni sem eru 25 m að lengd og 1,5m að breidd með mismunandi möskvastærðum frá 16,5 – 60 mm, en net af þessum möskvastærðum safna silungi á bilinu 14 - 60 sm (Jensen 1984). Netin eru 1,5 m að dýpt og um 30 m að lengd. Netaseríurnar sem notaðar voru í þessari athugun voru þrjár, fyrsta lögnin var með möskvastærðum: 16,5, 40 og 25 mm. Önnur lögn var með 30, 46 og 18,5 mm og sú þriðja með 60, 50, 35 og 21,5 mm. Á 1. mynd má sjá staðsetningu lagna í vatninu en net voru lögð hornrétt út frá þeim punkti sem sýndur er á kortinu.

#### **3.3. Sýnataka og úrvinnsla gagna**

Við rafveiðarnar voru allir fiskar sem veiddust greindir til tegunda og var stærstur hluti þeirra lengdar- og þyngdarmældur og svo sleppt aftur á þann stað sem þeir voru veiddir á. Samtals þrettán sýni úr Ósá og fjögur úr Tröllá voru athuguð frekar þar sem tekin voru hreistursýni og kvarnir ásamt því sem kjötlitur, kyn og kynþroski var

metinn. Úr stærri fiskunum í Ósá var magainnihald skoðað og metið. Í Miðdalslæknum neðan við bæinn Hanhól voru seiði aðeins greind til tegunda og lengdarmæld.

Úr netaveiðunum var allur veiddur fiskur lengdarmældur og vigtaður. Rúmlega helmingur aflans var athugaður frekar þar sem metinn var kjötlitur, kyn, kynþroski, fæðumagn og fæðugerð og sníkjudýr greind í einstaka fiskum. Við úrvinnslu sýna var aldur ákvarðaður í víðsjá með lestri á áhringjum í kvörnum eða hreistri.

Holdastuðull Fultons (K) var reiknaður eftir jöfnunni:  $K = (\text{þyngd/klauf lengd}^3) \times 100$ . Þegar stuðullinn er um og yfir 1,0 hjá laxfiskum eru þeir í eðlilegum holdum (Bagenal og Tesch 1978).

## 4. Niðurstöður

### 4.1. Rafveiði

Við rafveiðina komu fram allir íslensku ferskvatnsfiskarnir, nema urriði (tafla 1). Bleikja reyndist ríkjandi á öllum rafveiðistöðum í straumvatni og komu fram allir aldurshópar frá 0<sup>+</sup> til 4<sup>+</sup> (tafla 1; tafla 2). Þéttleiki bleikju var mestur í Tröllá og Miðdalslæknum. Laxaseiði komu aðallega fram á veiðistöðum í Ósá, en einnig varð vart við laxaseiði í Miðdalslæknum. Laxeði voru á fyrsta (0<sup>+</sup>) og öðru aldursári (1<sup>+</sup>). Þá veiddist einn áll á stöð 2 í Ósá (tafla 1). Hornsíli komu fram á öllum veiðistöðum nema í Tröllá (tafla 1).

### 4.2. Netaveiðar

#### 4.2.1. Bleikja og urriði

Fjöldi bleikja var yfirgnæfandi í netaveiði (tafla 1). Alls veiddust 95 bleikjur, 4 laxar og 1 urriði. Meðalveiði bleikju var því 8,6 fiskar/net (tafla 5). Bleikjan var á bilinu 11 – 45 sm (2. mynd), en mikið var um bleikju á bilinu 20 – 35 sm. Í netaveiðum komu fram fjórir aldurshópar bleikju á bilinu 2+ til 5+ (tafla 6). Vöxtur bleikjunnar var mjög hraður sérstaklega frá þriðja ári fram á fjórða ár (tafla 6). Vöxtur bleikjunnar árið 2008 er mun hraðari en fram kom árið 1985 og þá kom einnig fram eldri bleikja en í mælingum 2008 (2. mynd). Flestar bleikjurnar reyndust ókynþroska (tafla 7) og einungis 12,7% bleikjunnar ætluðu að hrygna haustið 2008. Holdafar bleikjunnar var skoðað fyrir 90 fiska og reyndist holdastuðull (K) að meðaltali 1,07. Holdastuðull var lægstur 0,85 en hæsta gildi reiknaðist 1,47.

Fæða úr 50 bleikjum var skoðuð og reyndist helmingur þeirra vera með tóma maga, en bleikja í fæðu var að meðaltali með 4,0 í fæðufylli. Fæða bleikjunnar reyndist mjög einsleit (3. mynd). Uppistaða fæðunnar voru hornsíli, en einnig voru vatnabobbar áberandi og reyndust þessir fæðuhópar saman vera 84% fæðunnar. Aðrir fæðuhópar voru 16% fæðunnar og komu þar fyrir galdraflugur, rykmýspúpur, ógreindar tvívængjur og ógreindar leifar.

Af þeim 50 bleikjur sem skoðaðar voru, reyndust 76% vera sýktar af sníkjudýrum, en 24% voru lausar við sníkjudýr. Sníkjudýr sem fundust voru tálknlys (*Salmincola*) í 44% bleikjunnar, bandormur í skúflöngum (*Eubothrium*) í 28% tilfella og þráðormar (*Nematoda*) í 8% bleikjunnar. Í flestum tilfellum reyndust sýkingar fremur vægar. Einungis 1 urriði veiddist í netin (tafla 1). Urriðinn var 3 ára og var 36,2 sm að lengd.

#### 4.2.2. Lax

Í netalagnirnar komu alls sex laxar, einn slapp og einum stórlaxi var sleppt án mælinga. Fjórir voru hinsvegar teknir til frekari rannsókna, þrjár smálaxar og einn örmerktur stórlax (tafla 1). Stórlaxinn hafði verið merktur sem sleppiseiði og verið sleppt í Hafnará í Borgarfirði. Laxarnir voru allir hængar og greindist engin fæða í mögum þeirra. Ekki varð vart við sníkjudýr í löxunum.

### 5. Umræður

Í þessari athugun var bleikjan ríkjandi fisktegund í Syðridalsvatni. Mjög lítið var um urriða, en nokkrir laxar veiddust í netin. Með því að nota staðlaða gagnasöfnun í vötnum má bera saman marga líffræðilega þætti á milli ára. Það veiddist nokkru meira af bleikju nú en í sambærilegri rannsókn fyrir 23 árum. Afli á sóknareiningu er hins vegar mjög grófur mælikvarði á stofnsstærð og gefur í raun aðeins hugmynd um viðmið á milli ára en ekki heildarstofnstærð. Veitt var snemma sumars í fyrri athuguninni, sem gæti haft áhrif á niðurstöður þar sem bleikjan í vatninu er bæði staðbundin og sjógengin. Árið 1985 er því líklegt að sjóbleikjan hafi verið gengin úr vatninu. Bleikjan sem veiddist í þessari athugun var með holdastuðul að meðaltali 1,07, sem lýsir feitum fiski (Bagenal & Tesch 1978). Aldurssamsetning bleikjunnar í Syðridalsvatni hefur breyst þannig að bleikjan er nú mun yngri en um miðbik níunda áratugarins (2. mynd) auk þess sem vöxtur bleikjunnar var mun meiri en fram kom í fyrri athugunum (Sigurður Már Einarsson 1985). Hraðari vöxt má e.t.v. tengja hlýnun á svæðinu, en erfitt er þó að bera saman þessar athuganir við fyrri rannsóknir þar sem veitt var á mismunandi árstíma.

Á vatnasvæðinu eru skilyrði fyrir lax fremur takmörkuð (Sigurður Guðjónsson 1984; Sigurður Már Einarsson 1985). Lax hrygnir eingöngu í straumvatni og eru helstu uppeldissvæði fyrir lax einnig í straumvatni, þó að lax geti einnig nýtt sér stöðuvötn til uppeldis (Einarsson et al. 1990). Stofnstærð laxa er í beinu samhengi við flatarmál hrygningar – og uppeldissvæða og gæða þeirra til framleiðslu á ungvíði laxa. Innrennislisárnar í Syðridalsvatn eru fremur kaldar fyrir lax og henta betur fyrir bleikju, auk þess sem þær eru fremur stutt fiskgengar. Í Ósá eru góð skilyrði fyrir lax hvað varðar hitafar og frjósemi, en þar eru hrygningar – og uppeldisskilyrði hins vegar afar slök. Sjávarfalla gætir á stærstum hluta árinna og því eru einkum góð skilyrði efst í ánni á um 400 m kafla. Lax hrygnir einkum á malarbotni þar sem möl er að meðaltal um 2 sm í þvermál, straumhraði á bilinu 35-80 sm s<sup>-1</sup> og dýpi á bilinu 17-76 sm (Armstrong et al. 2003). Bestu uppeldissvæðin eru hins vegar á grýttum brotum þar sem botn er sambland af möl, smágrýti og stórgrýti. Í Syðridalsvatni eru nokkur skilyrði fyrir uppeldi, sérstaklega með bökkum austanvert í vatninu þar sem töluvert er um grjótbötn meðfram landinu. Lax nýtir sér oft slík skilyrði (Halvorsen et al. 1997; Einarsson et al. 1990).

Besta leiðin til að efla sjálfbæra framleiðslu laxa á vatnasvæðinu væri með umbótum á búsvæðum Ósár. Mælt er með því að hrygningarskilyrði verði lagfærð með því að grafa rennu í miðja ána, skipta þar um jarðveg og setja hrygningarmöl í stað efnis sem tekið væri úr ánni. Einnig mætti efla og lagfæra uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði með því raða grjóti (10 – 30 sm í þvermál) meðfram bökkum. Ef hrygningarskilyrði væru lagfærð í Ósá eru líkur á að seiðaframleiðslan aukist og að laxaseiðin leiti meira inn í vatnið sem hefur ágætis skilyrði til uppeldis á strandsvæðunum þar sem grjótbötn er til staðar. Einnig ætti framleiðsla búsvæða í Ósá að aukast ef búsvæðin væru lagfærð.

Bleikjustofninn á vatnasvæðinu virðist hins vegar sterkur og í þessari rannsókn komu engin merki fram um að hann sé að láta undan síga. Víða í vötnum á suðvesturhorni landsins virðist staðbundinni bleikju fara fækkandi. Einnig eru dæmi um að stofnstærð sjóbleikju fari minnkandi á Vesturlandi t.d. á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði. Urriðastofnar virðast hins vegar víða vera að styrkjast. (Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 2006). Tilgátur eru um að þessi þróun geti tengst hnattrænni hlýnun.

Í grunnnum vötnum er allur vatnsbotninn baðaður í ljósi og þar þrífst hlutfallslega meira magn af háplöntum og botnföstum þörungum en í djúpum vötnum. Háplöntur



eru mikilvægt búsvæði fyrir botnþörunga og smádyr sem þar leita skjóls. Syðridalsvatn er grunnt og frjósamt og tekur allt vatnið þátt í framleiðslu. Næringarefni sem koma í umferð eru nýtt strax af botngróðri eða svifþörungum. Vatnið hefur því alla burði til þess að viðhalda mikilli framleiðslu og fiskistofnum.

Mikilvægt er að veiðiréttarhafar leitist við að skrá veiði í vatninu, en góð veiðiskráning er afar mikilvæg til að fylgjast með breytingum á afla. Veiðiskráning er jafnframt mikilvæg varðandi nýtingu, verndun og viðhald þeirra auðlindar er felst í lax – og silungsveiði.

## 6. Heimildaskrá

Armstrong, J. D., Kemp, P. S., Kennedy, G. J. A., Ladle, M. & Milner, N. J., 2003. Habitat requirements of Atlantic salmon and brown trout in rivers and streams. *Fish. Res.* 62: 143-170.

Bagenal, T. B. & Tesch, F. W., 1978. Age and growth. Í: *Methods for assessment of fish production in fresh waters - IBP handbook no.3.* (ritstj. Bagenal, T.). Blackwell Scientific Publications, bls. 101-136.

Einarsson, S. M., Mills, D. H. & Johannsson, V., 1990. Utilization of fluvial and lacustrine habitat by anadromus Atlantic salmon, *Salmo salar* L., in an Icelandic watershed. *Fish. Res.* 10: 53-71.

Friðþjófur Árnason, Þórólfur Antonsson & Sigurður Már Einarsson, 2005. Evaluation of single-pass electric fishing to detect changes in population size of Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) juveniles. *Icel. Agri. Sci.* 18: 67-73.

Halvorsen, M., Jorgensen, L. & Amundsen, P. A., 1997. Habitat utilization of juvenile Atlantic salmon (*Salmo salar* L.), brown trout (*Salmo trutta* L.) and Arctic charr (*Salvelinus alpinus* L.) in two lakes in northern Norway. *Ecol. Freshw. Fish.* 6: 67-77.

Jensen, J. W., 1984. The selection of Arctic Charr by nylon gill nets. Í: *Biology of the Arctic Charr* (Ritstj. Johnson, L. & Burns, B. L.). Univ. Manitoba Press, Winnipeg, Canada, bls. 462-469.

Sigurður Guðjónsson, 1984. *Athugun á vatnasvæði Ósár við Bolungarvík* (Rannsóknarskýrsla). Veiðimálastofnun, Reykjavík.

Sigurður Már Einarsson, 1985. *Vatnakerfi Ósár við Bolungarvík – Fiskirannsóknir 1985.* (Rannsóknarskýrsla VMST-V/86004). Veiðimálastofnun, Reykjavík.

Þorleifur Eiríksson & Böðvar Þórisson, 2006. *Smádyralíf í Syðradalsvatni* (NV nr. 06-06). Náttúrustofa Vestfjarða.

## 7. Töflur og myndir

**Tafla 1.** Fjöldi fiska af hverri tegund er veiddist á hverju svæði fyrir sig á vatnasvæði Ósár 4.-5.september 2008.

Veiðistaður	Stærð svæðis	Lax	Bleikja	Urriði	Hornsli	Áll
Ósá – stöð 1	330 m <sup>2</sup>	9	12		18	
Ósá – stöð 2	128 m <sup>2</sup>	6	6		2	1
Syðridalsvatn	-	4	95	1		
Tröllá	67,5 m <sup>2</sup>		16			
Miðdalslækur	66 m <sup>2</sup>	2	13		6	

**Tafla 2.** Fjöldi og þéttleiki bleikju á hverja 100m<sup>2</sup> við rafveiði á vatnasvæði Ósár 4.-5.september 2008.

Stöð	Svæði	0+	1+	2+	3+	4+	Samtals	Fjöldi 100 á m <sup>2</sup>
Ósá 1	330	0	10	2	0		12	3,6
Ósá 2	128		1	0	5		6	4,7
Tröllá	67,5	6	7	1	1	1	16	22,2
Miðdalslækur	66	9	4				13	19,7
<b>Samtals</b>	<b>591,5</b>	<b>15</b>	<b>22</b>	<b>3</b>	<b>6</b>	<b>1</b>	<b>47</b>	<b>7,8</b>

**Tafla 3.** Fjöldi og þéttleiki laxa á hverja 100m<sup>2</sup> við rafveiði á vatnasvæði Ósár 4.-5.september 2008.

Stöð	Svæði	0+	1+	2+	3+	Samtals	Þéttleiki á 100 m <sup>2</sup>
Ósá 1	330	3	6			9	2,7
Ósá 2	128	3	3			6	1,8
Tröllá	67,5					0	0,0
Lækur	66	2				2	0,6
<b>Samtals</b>	<b>591,5</b>	<b>8</b>	<b>9</b>			<b>17,0</b>	<b>2,9</b>

**Tafla 4.** Fjöldi og þéttleiki hornsíla á hverja 100m<sup>2</sup> og fjöldi ála við rafveiði á vatnasvæði Ósár 4.-5. september 2008.

Stöð	Svæði	Hornsíli	Áll	Þéttleiki hornsíla á 100 m <sup>2</sup>
Ósá 1	330	18		5,5
Ósá 2	128	2	1	0,6
Tröllá	67,5			0,0
Miðdalslækur	66	6		1,8
<b>Samtals</b>	<b>591,5</b>	<b>26</b>		<b>7,9</b>

**Tafla 5.** Afli í hvert net eftir tegundum í tilraunaveiðum í Syðridalsvatni 4-5 september 2008.

Möskvastærð	Lax	Bleikja	Urriði
12	0	17	0
16,5	1	16	0
18,5	1	7	1
21,5	0	11	0
25	0	16	0
30	1	10	0
35	0	7	0
40	0	7	0
46	0	1	0
50	1	2	0
60	0	1	0
<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>95</b>	<b>1</b>
<b>Meðalafli</b>	<b>0,4</b>	<b>8,6</b>	<b>0,1</b>

**Tafla 6.** Vöxtur aldursgreindrar bleikju í Syðridalsvatni 4.-5. september 2008.


Árgangur	Aldur	Fjöldi	Meðallengd sm
2006	2+	9	15,54
2005	3+	26	27,99
2004	4+	11	34,61
2003	5+	1	37,5

**Tafla 7.** Fjöldi bleikja eftir aldri, kyni og kynþroskastigi í Syðridalsvatni 4.-5. september 2008.


Aldur	Geldf. (1-2)		Kynþr. (3-6)		Hvílarar		Kynþr. (>7)		Samtals	
	hæ	hr	hæ	hr	hæ	hr	hæ	hr	hæ	hr
2+	2	7	0	0	0	0	0	0	2	7
3+	9	14	2	1	0	0	0	0	11	15
4+	5	4	1	1	0	0	0	0	6	5
5+	0	0	1	0	0	0	0	0	1	0
<b>Samtals</b>	<b>16</b>	<b>25</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>20</b>	<b>27</b>

**Tafla 8.** Yfirlit yfir þá laxa sem veiddust í net í Syðridalsvatni 4.-5. september 2008.


Lengd	Þyngd	Kyn	Kynþroski	Aldur í	Aldur í	Kjötlitur	Stærð sem
				ferskvatni	sjó		útgönguseiði
55	1400	Hængur	3	3	1	Rauður	11,1
57	1700	Hængur	5	4	1	Rauður	14,25
65	2500	Hængur	3	4	1	Rauður	16,25
80	4800	Hængur	3	1	2	Rauður	22,4



**1. mynd.** Kort af vatnasvæði Ósár. Sýnatökustaðir í rafveði og staðsetning neta koma fram á myndinni.



2. mynd. Meðalvöxtur bleikju úr tilraunaveiði í Syðridalsvatni árin 1985 og 2008.



3. mynd. Fæða bleikju í Syðridalsvatni 5. september 2008.

## 8. Viðauki

Upplýsingar um þá laxa sem tekin hafa verið hreistursýni af á vatnasvæði Ósár við Bolungarvík frá 1992-2007.

1=hæ,  
2=hry

Dags	Tegund	Veiðivatn	Stöð	Lengd	Þyngd	Kjötliturr	Kyn	Ferskvatnsaldur	Sjávaraldur	Stærð v.útgöngu	Endurtekin hrygning	Athugasemdir
4.9.1992	Lax	Miðdalsvatn		82	5050		2	3	2	15,24		
25.8.1995	Lax	Syðridalsvatn	S v. Selá	68	3000		1	4	2			Möguleg endurtekin hrygning
18.8.2004	Lax	Syðridalsvatn	S v. Selá		2000		1	3	1	Vantar lengd		
12.8.2005	Lax	Syðridalsvatn	S v. Selá	86	2000	Rauður	1	4	3		G1	Löng dvöl e. hrygn.
19.8.2005	Lax	Syðridalsvatn	S v. Selá	55	1500	Rauður	2	4	1	17,86		
28.7.2005	Lax	Syðridalsvatn	S v. Selá		2000		1	4	1	Vantar lengd		
12.8.2005	Lax	Syðridalsvatn	S v. Selá	76,5	1500	Rauður	1	5	1	26,57		Eitthvað skrítið við lengdina
24.8.2006	Lax	Syðridalsvatn	S v. Selá	98	4500		1	3	3		G1G2	Stutt dvöl e. hrygn.
30.8.2007	Lax	Syðridalsvatn	A v. Selá		1300		2	3	1	Vantar lengd		